

Ed.
um bændaskóla.

285. Frumvarp til laga

[156. mál]

Frá landbúnaðarnefnd.

Um búnaðarskóla og stjórn þeirra.

1. gr.

Hér á landi skulu vera tveir skólar, er veita verklega og bóklega menntun bændaeftum og öðrum þeim, er hyggjast gera landbúnaðarstörf að lífsstarfi sínu.

Skal annar þeirra vera að Hólum í Hjaltadal, en hinn að Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin fjölbætt bú á sviði jarðræktar og búfjárræktar, og veita skólastjórnir þeim forstöðu. Skal þar gera tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins. Rekstri skólabúanna skal hagað þannig, að nemendum sé til fyrirmyndar og lærdóms.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og skólabúanna.

4. gr.

Við hvorn skóla um sig skal vera skólastjóri og eigi færri en fimm fastir kennarar, miðað við fullt skólastarf.

Þeir einir geta orðið kennarar við bændaskólana, sem lokið hafa kandidatsprófi í búfræði, og þeir sem hlotið hafa hliðstæða menntun eða meiri. Sé sérstakur kennari ráðinn til kennslu í almennum greinum, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari við vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Ráðherra skipar skólastjóra og kennara, en skólastjóri ræður stundakennara.

5. gr.

Skólastjóri og kennarar taka laun samkvæmt kjarasamningum.

Laun stundakennara skulu vera í samræmi við laun fastra kennara skv. ákvæðum kjarasamninganna og reglugerðar um stundakennara.

Fyrir bústjórn skólastjóra á skólabúum bændaskólanna, sbr. 2. gr., skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfum, er ráðherra setur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, að ákveða verkskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og að ákveða um eitt ár í senn, að einungis önnur deild annars hvors skólans starfi.

Inntökuskilyrði.

7. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana skulu vera þessi:

- a) Að umsækjandi sé fullra 17 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með. Skólastjóra er einnig heimilt að veita þeim umsækjendum inngöngu í eldri deild skólanna, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.
- b) Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, bóklega og verklega, sem reglugerð ákveður.
- c) Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

Námsefni og próf.

8. gr.

Búnaðarfræðslan fer fram í tveimur deildum. Árlegur kennslutími skal vera 6½—7½ mánuðir.

9. gr.

Eftirtaldar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði, þar með talin flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, almenna þjóðhagfræði, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandnafræði, grasfræði, eðlisfræði, efnafræði, steina- og jarðfræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, erfðafræði, véla- og verkfærafræði, jarðræktarfræði, byggingafræði, gerlafræði, dönsku og ensku. Enn fremur skal kenna söng, leikfimi og íþróttir. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði, þar á meðal hagnýting jarðhita.

Heimilt skal ráðherra að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólastjóri óskar þess.

10. gr.

Í verklega náminu skal viðhafa þá fjölbreytni í kennslu, sem tími og aðstæður leyfa. Einkum skal leggja áherzlu á meðferð véla og verkfæra, land- og hallamælingar, hirðingu búfjár og sýnikennslu í sem flestum greinum jarðyrkju. Skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í þeirri tilraunastarfsemi, er fer fram á vegum skólanna.

Við bændaskólana skal vera aðstaða til kennslu í meðferð, hirðingu og viðgerðum landbúnaðarvéla, og skal kennsluverkstæði starfrækt í þessu skyni.

Veita skal fræðslu um nýjar búgreinar, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok skólaárs. Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

12. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaeefni, svo og fyrir leiðbeinandi menn á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

13. gr.

Á landi skólajarðanna skal reisa bústaði fyrir kennara skólanna á kostnað ríkisins, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Kennarar og aðrir starfsmenn, sem reisa vilja íbúðarhús á eigin kostnað, skulu eiga rétt á lóð undir það. Skal lóðin ákveðin í samræmi við skipulagsupprátt staðarins. Uppdrættir að þessum íbúðarhúsum skulu vera samþykktir af húsameistara ríkisins. Leita skal samþykkis ráðherra, áður en bygging er hafin, og höfð samráð við skólastjóra.

Njóti kennarar eða aðrir starfsmenn landsnyttja eða afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

14. gr.

Skólastjórar sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, en ella selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

15. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum, svo og rekstrarkostnaður skólanna greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

16. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum skólastjóranna, skal kveða nánar á um starfsemi skólanna.

17. gr.

Við bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja framhaldsdeild í búfræði. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð, sem ráðherra setur.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 22. marz 1948.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra, og er það samið af millipinganefnd. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur í afstöðu til frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfi dags. 25. marz 1960 skipaði landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd til þess að endurskoða núgildandi lög um bændaskóla, nr. 24 1948, og gera tillögur um endurbætur á búnaðarfræðslunni, þannig að hún verði í framkvæmd í sem beztu samræmi við þarfir landbúnaðarins og þjóðarinnar, og stuðli að hagkvæmum og menningarlegum vinnubrögðum við landbúnaðarstörf.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Guðmundur Jónsson, skólastjóri á Hvanneyri, formaður; Aðalsteinn Eiríksson, skólaeftirlitsmaður; Ásgeir Pétursson, deildarstjóri (síðar sýslumaður); Kristján Karlsson, skólastjóri (síðar erindreki) og Gunnar Vagnsson, fulltrúi. Var sá síðastnefndi kosinn ritari nefndarinnar. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins 4. marz 1961 var Gunnar Bjarnason, kennari, sem tók við skólastjórn á Hólum 1. júní s. á., skipaður í nefndina og gegndi hann nefndarstörfum til 1. júní 1962, er hann lét af skólastjórastarfi.

Samkvæmt áðurnefndu bréfi ráðuneytisins má greina verkefni nefndarinnar í þessa meginþætti:

1. að „gera tillögur um æskilegar breytingar og endurbætur á búnaðarfræðslunni“,
2. að „gera tillögur um og vera til ráðuneytis um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á bændaskólasetrunum“ með hliðsjón af heildartillögum nefndarinnar um framtíðarskipun búnaðarfræðslunnar.

Auk margra funda, sem nefndin hefur haldið, hefur hún heimsótt skólasetrin á Hvanneyri og Hólum. Einstakir nefndarmenn hafa átt tal við kennara og aðra starfsmenn þessara stofnana. Um þau meginatriði, sem að ofan eru greind, hefur verið athugað og rætt af nefndinni og er niðurstaða hennar í aðalatriðum þessi:

1. Nefndin hefur samið frumvarp að lögum um bændaskóla, þar sem fram eru settar þær breytingar og endurbætur á búnaðarfræðslunni, sem hún telur æskilegar.
2. Nefndin hefur tekið saman tillögur um aðkallandi framkvæmdir á bændaskólasetrunum og fylgja þær hér með á sérstöku málsskjali, ásamt greinargerð.

Áður en lýst verður lagafrumvarpi því, er nefndin leggur fram, verður gerð nokkur grein fyrir sögu búnaðarfræðslunnar hér á landi og þeim viðhorfum, sem helzt hafa mótað störf nefndarinnar.

Nokkrir sögulegir þættir.

Það er löngu viðurkennt, að vel reknir atvinnuvegir séu undirstaða menningar og góðrar fjárhagslegrar afkomu. Þegar á 18. og 19. öld voru uppi menn meðal Íslendinga, sem bentu á, að eitt helzta ráð til bjargar og viðreisnar væri það, að efla kunnáttu landsmanna í búnaðarstörfum og öðrum verklegum eignum.

Um miðja 19. öld koma fram hér á landi raddir um stofnun búnaðarskóla, en þá höfðu slíkir skólar starfað í flestum nágrannalöndum okkar um nokkurt árabíl, en ekki varð af framkvæmdum.

Fyrsti búnaðarskólinn hér á landi var stofnaður í Ólafsdal árið 1880, en síðan á Hólum í Hjaltadal, Eiðum og Hvanneyri á árunum 1882—1889. Skólinn í Ólafsdal starfaði til ársins 1907 og hafði þá útskrifað um 160 búfræðinga. Skólinn á Eiðum hætti sem bændaskóli 1917. Þaðan eru útskrifaðir um 260 búfræðingar. Nemendur bændaskólans á Hvanneyri til og með haustinu 1962 hafa verið um 1500, en á Hólum um 1350.

Fram yfir aldamótin var námstíminn í skólunum 2 ár og kennslan bæði bókleg og verkleg, en þá var gerð gagnger breyting á kennslunni. Verklega námið var afnumið sem skyldunám og námstíminn því stytur í 2 vetur. Þessi breyting var gerð vegna þess, að skólarnir höfðu ekki næga aðsókn, en hinn langi námstími var talinn vera orsök þess.

Við styttingu námstímans færðist nýtt líf í skólastarfseminu, enda hafa vafalaust verið fleiri ástæður fyrir því. Allmikið þótti þó á það skorta, að búfræðingar hefðu næga verklega þekkingu. Var því ákveðið um 1930 að leiða í lög verknámskyldu um 8 vikna tíma, vor og haust.

Enn var verknámstíminn lengdur 1936 og skyldi nú ná yfir allt sumarið milli námsvetrana. Þetta fyrirkomulag varð brátt óvinsælt af nemendum. Þeir töldu sér ekki fært að vera fjarri heimilum sínum yfir sumarið. Þeim var sérstaklega annt um heyskapartímann, sauðburð og göngur. Skólarnir neyddust því oft til að gefa þeim undanþágu að einhverju leyti frá dvöl sinni við skólann.

Árið 1949 var svo verknámið stytt aftur, og skyldi það þá verða 13 vikur vor og haust. Þrátt fyrir þessa breytingu töldu margir nemendur, að þeim væri ekki fært, vegna manneklu á heimilum þeirra, að vera svo lengi að heiman, og hefur því orðið að slá nokkuð af þessari kröfu á báðum skólunum hin síðustu ár.

Við allar þessar breytingar hefur verið reynt að taka tillit til breyttra aðstæðna í landbúnaðinum og óska nemendanna. Hin mikla tækni og bættar búskaparaðferðir, sem bændur hafa víða tileinkað sér, gerir það að verkum, að þeir, sem nú koma í bændaskóla, hafa tiltölulega meiri verklega þekkingu en áður var. Af þeim ástæðum getur verklega námið verið styttra nú en áður. Á það má einnig benda, að nokkuð af hinum langa verknámstíma var notaður í venjuleg bústörf, enda fengu nemendur nokkurt kaup fyrir.

Viðhorf til breytinga á búnaðarfræðslu.

Ekki verður um það deilt, að búnaðarfræðsla hér á landi hefur haft mikla þýðingu fyrir íslenska bændastétt og á veigamikinn þátt, beint og óbeint, í þeim öru framförum, sem hafa einkennt síðustu áratugi. Til þess að svo megi einnig verða í nútíð og framtíð, þarf ávallt að leggja megináherzlu á þá þætti búnaðarfræðslunnar, sem á hverjum tíma eru taldir þýðingarmestir fyrir bændur og afkomu landbúnaðarins.

Í þessu efni eru aðallega þrjú viðhorf, sem nefndin hefur rætt ítarlega og mótað hafa tillögur hennar:

I. Aukin tækni í búskapnum. Til þess að fullnægja góðri kennslu á þessu sviði hefur bændaskólana skort mjög aðstöðu og vinnukrafta. Það er ekki unnt að gera slíkri kennslu fullnægjandi skil, nema því aðeins að fyrir hendi sé gott húsrými og áhöld, safn af vélahlutum og einstökum vélum og verkfærum og að sérfróður maður hafi kennsluna á hendi. Allt þetta hefur vantað á bændaskólana.

Hjá nágrannaþjóðum okkar hefur kennsla í véla- og verkfærafræði verið mjög aukin hin síðari ár. Byggingar hafa verið reistar í því skyni og keypt fjölbreytt kennslutæki. Var Marshallfé mikið notað í þessu efni í Noregi og Danmörku. Norðmenn skipta vélakennslunni í 5 kafla:

1. Þýðing vélvæðingar fyrir landbúnaðinn.
2. Þekking á einstökum vélahlutum, vélum og verkfærum.
3. Viðhald og viðgerðir.
4. Notkun, og meðferð véla og verkfæra.
5. Um slyshættu og varnir gegn slysum.

Í hverjum skóla er sérstakur kennari í véla- og verkfærafræði. Í Jönsberg búnaðarskóla í Noregi var nýlega reist bygging fyrir handverkkennslu, sem er 660 m² að flatarmáli. Skólinn útskrifar árlega um 50 búfræðinga.

Nefndin telur, að hér á landi mundi mega komast af með hús fyrir verklega kennslu í vélfræði, verkfærafræði og smíðum, sem væri um 500—600 m² að stærð, og mundi það kosta um 1 millj. króna fyrir hvorn bændaskóla. Ráða þarf við hvorn skóla sérstakan kennara í véla- og verkfærafræði, bóklegru og verklegri, en að sumarlagi annist hann, ef hentugt þykir, viðgerðir á vélakosti skólabúanna.

II. Aukin fjölbreytni í búskapnum. Á síðari árum hefur aukizt hér á landi áhugi fyrir nýjum búgreinum, t. d. kornyrkju, fjölpættari garðyrkju, svínarækt, hænsnarækt o. fl. Æskilegt væri að geta tekið upp kennslu í þessum greinum við bændaskólana. Til þess vantar fleiri sérmenntaða kennara og byggingar, er hæfi þessum búgreinum. Hér skulu tvær af þessum greinum gerðar nokkru nánar að umtalsefni.

Svínarækt. Svínarækt hefur aukizt talsvert hér á landi hin síðari ár.

Ár 1940	voru	framtalin	svín	á	hagskýrslum	458
— 1957	—	—	—	—	—	709
— 1958	—	—	—	—	—	774
— 1959	—	—	—	—	—	1235
— 1960	—	—	—	—	—	1198

Samkvæmt hagskýrslum 1957 eru afurðir svína í þjóðarbúið það ár metnar á rúml. 6 millj. kr. Trúlega má tvöfalda þá upphæð árið 1961. Hér er því um veruleg verðmæti að ræða, svo að ekki virðist vanþörf á, að búfræðingar kunni nokkuð fyrir sér í hirðingu og eldi svína.

Nú er svo hátt að kennslu um svínarækt í bændaskólunum, að hún er einungis bókleg og henni ætlaður mjög svo takmarkaður tími. Á þessu þarf að verða breyting. Koma þarf upp svínaræktarbúi við bændaskólana, a. m. k. annan þeirra, og kenna þar svínarækt. Jafnframt gæti það orðið hentugt hlutverk svínabúsins að selja grisi. Er það algengt í öðrum löndum, að bændur kaupi grisi, um 6 vikna gamla, og ali þá upp til slátrunar. Á þann hátt losna þeir við örðugasta þáttinn í svínarækt, að hafa fullorðin svín.

Til þess að svínabú geti orðið til fyrirmyndar bæði um fyrirkomulag og hagsældan rekstur, þarf það að vera svo stórt, að hæfilegt starf sé fyrir einn mann að hirða um það. Þarf hann að vera það vel að sér í faginu, að hann geti jafnframt kennt svínarækt, og framkvæmt tilraunir með fóðrun, meðferð alla og kynbætur.

Jafnframt þyrfti að vera kostur á því, að bændaskólinn, sem hefði svínabúið, gæti tekið nemendur frá hinum skólanum á námskeið í svínarækt, ef þeir hefðu áhuga á því. Mætti t. d. hafa slík námskeið að vorinu að afloknu verklegu

námi. Á öðrum tímum ársins mætti hafa slík námskeið fyrir aðra, er vildu kynna sér svínarækt.

Á svínabúinu mundi vera hæfilegt að hafa 15—18 fullorðin svín og tilsvarendi af grísum. Þórir Baldvinsson áætla, að hús fyrir slíkt bú þurfi að vera um 370 m² og um 1100 m³, en hver rúmmetri kosti um 450.00 kr. eða alls um hálf milljón króna.

Tillögur: Reist verði á öðrum bændaskólanna svínahús, er rúmi 15—18 fullorðin svín, auk grísa. Áætlaður kostnaður um ½ millj. kr.

Að búinu verði ráðinn fær maður til þess að annast hirðingu, svo og kennslu, bóklega og verklega, og tilraunir.

Að búíð framleiði sölugrasi fyrir bændur eftir því sem möguleikar leyfa og markaður er fyrir á hverjum tíma.

Að haldin verði námskeið í svínarækt fyrir nemendur þess bændaskóla, sem hefur ekki svínabú, svo og aðra eftir ástæðum.

Alifuglarækt. Hagskýrslur sýna eftirfarandi um tölu alifugla:

	Ár 1940	Ár 1955	Ár 1958	Ár 1959	Ár 1960
Endur og gæsir	2.270	443	3.041	578	573
Hænsni	72.714	93.449	95.206	100.057	96.397

Hænsnum hefur því verið fjölgað, en öðrum alifuglum fækkað, þar til 1959. Samkvæmt hagskýrslum 1957 var verðmæti alifuglaframleiðslu hér á landi rúml. 20 millj. kr. Ekki mun óvarlegt að ætla þá tölu nú um 25 millj. kr.

Enginn staður er til hér á landi, sem veitir kennslu í alifuglarækt. Stendur það að sjálfsgöðu bændaskólunum næst að taka upp kennslu í þeirri grein.

Fram að þessu hefur kennslan í þessari búgrein aðeins verið bókleg við bændaskólana, og svo er enn. Tími til hennar er mjög takmarkaður. Er því full þörf á því, að komið verði upp alifuglabú, að minnsta kosti við annan bændaskólann, þar sem lögð sé megináherzla á hænsnarækt, en einnig aðrar greinar alifuglaræktar, eftir því sem ástæður eru til hverju sinni.

Þar sem alifuglarækt er rekin í smáum stíl, þykir víða hentugt að kaupa unga rúml. sólarhrings gamla til uppeldis, því að útungun er vandasöm og dýr. Mundi þetta geta orðið hentugt verkefni fyrir bændaskólana.

Alifuglabúíð þyrfti að vera rekið á þann hátt, að til fyrirmyndar væri í umönnun og hagfelldum rekstri. Stærð þess þyrfti að miða við hóflegt verk fyrir einn mann, er gæti þó samhliða kennt þessa grein nemendum skólanna, og framkvæmt tilraunir eftir aðstæðum.

Aðstaða yrði að vera fyrir hendi að taka pílta á námskeið í alifuglarækt.

Gera má ráð fyrir, að hæfileg bústærð væri um 1000 hænur, en auk þess útungun og uppeldi unga. Þórir Baldvinsson áætla, að slíkt hús þurfi að vera um 280 m² og um 700 m³. Hver rúmmetri muni kosta um 400.00 kr. eða alls kr. 280.000.

Tillögur: Reist verði á öðrum bændaskólanna hæsnahús fyrir 1000 hænur, auk útungunar og uppeldis. Áætlaður kostnaður um 280 þús. kr.

Ráðinn verði hæfur maður til þess að hirða um búíð, kenna nemendum skólans alifuglarækt og framkvæma tilraunir eftir því sem aðstæður leyfa.

Að búíð framleiði unga til sölu.

Að haldin verði námskeið í alifuglarækt fyrir nemendur þess bændaskóla, sem ekki hefur hæsnabú, svo og aðra eftir ástæðum.

Loks verður í sambandi við búfræðinámið að taka tillit til þess, hve sveitirnar eru mannfáar og að margir sveitapiltar eiga lítt heimangengt, nema víska tíma ársins. Það er því mjög athugandi að reyna, á öðrum bændaskólanum eða báðum, að stofna til stuttra námskeiða í ýmsum greinum búfræðinnar. Þau gætu staðið nokkrar vikur hvert.

Af sömu ástæðu og að framan getur, teljum við ekki hægt að hafa búfræðinámið eins langt og það hefur verið að undanfögnu, heldur þurfi því að vera lokið á vorin um það bil að sauðburður byrjar eða um 25. maí.

Reynslan verður að leiða í ljós, á hvern hátt mundi hentugast að haga fyrirkomulagi námskeiðanna, en benda má á eftirfarandi:

Námskeið í vélfræði og meðferð dráttarvéla. Námið stæði í 4—6 vikur og væri bóklegt og verklegt. Ef til vill mætti einnig kenna nokkuð um landbúnaðarverkfæri, enn fremur eðlisfræði, rafmagnsfræði o. fl.

Námskeið í hirðingu nautgripa 6—8 vikur, bóklegt og verklegt. Kennt væri m. a. fódurfræði, kynbótafræði, mjólkurfræði, byggingarfræði, dýralækningar, svo og fjósstörf og nautgripadómar.

Námskeið í hirðingu sauðfjár, 4—6 vikur, bóklegt og verklegt. Kennt væri m. a. fódurfræði, kynbótafræði, byggingarfræði, dýralækningar, svo og verkleg hirðing sauðfjár og sauðfjárdómar.

Námskeið í áburðarfræði, 4 vikur, þar sem kennd væri áburðarfræði, jarðvegsfræði, efnafræði og verkfærafræði.

Námskeið í svínarækt og alifuglarækt, 4—6 vikur hvort. Hefur verið minnst á þessi námskeið á bls. 5—6 hér að framan. Kennslan væri tilsvarendi og á námskeiðum fyrir nautgripi og sauðfé.

Búsmíðar. Slík námskeið gætu staðið lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. Þar væri m. a. hugsanlegt að kenna mætti undirstöðuatriði þess að slá upp steypumótum fyrir minni hús. Gæti það orðið til hins mesta gagns fyrir lagtæka sveitapilta, sem hefðu ekki tækifæri til þess að læra það á annan hátt.

Einkum mundu þó þessi námskeið verða ætluð til þess að kenna mönnum að fara með yenjuleg smíðaáhöld, smíða húsgögn, halda við byggingum o. fl.

Auk þessara námskeiða mætti hugsa sér ýmis fleiri búnaðarnámskeið í öðrum greinum landbúnaðarins. Þá er og vafalaust réttmætt að halda uppi mjög stuttum námskeiðum fáeina daga, eins og gömlu bændanámskeiðin voru. Þangað sóttu að-allega bændur og bændasynir, en búnaðarleiðbeinendur gáfu yfirlit um mörg hagnýt, búfræðileg efni.

Í 2. og 3. tölulið skipunarbréfs ráðherra til nefndarinnar er bent á að tekin sé til athugunar kennsla í „meðferð og nýtingu búsafurða“ og „undirstöðuatriðum hagfræðinnar“.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um það, að í bændaskólunum er lögð nokkur áherzla á þessi atriði í kennslu, t. d. í sambandi við framleiðslu mjólkur og garðávaxta, svo að um 1. fl. vörur verði að ræða. Í flestum greinum búfræðinnar er undirtónninn viðskiptalegs eðlis. Allar leiðbeiningar eru miðaðar við það, að sem mestur og beztur arður fái. Auk þess eru kenndir búreikningar, hagfræði, búnaðarsaga og þjóðfélagsfræði. Segja má, að í þessum greinum sé ekki ávallt völ á færum kennurum, þar sem fjöldi kennara við bændaskólana er mjög takmarkaður. Er því oft erfitt að velja hæfa menn til að kenna hverja námsgrein. Í erlendum búnaðarskólum eru kennarar yfirleitt fleiri en hér, oft 7—8 í hverjum skóla. Er þá auðveldara að velja hæfa menn í hverja af hinum veigameiri námsgreinum. Sem dæmi má á það benda, að í hagfræði og búreikningum er víðast sérstakur kennari, en hér á landi er það ekki hægt, heldur eru þessar greinar teknar sem aukafög. Ef bændaskólarnir hér á landi fengju tækifæri til þess að fjölga kennurum, t. d. um tvo á hvorum skóla, þá mundu skilyrðin batna til muna í því efni, að sérhver grein búfræðinámsins gæti notið sín, og að til þeirra mætti velja hæfa kennara. Mundi þá meðal annars lögð meiri stund á hagfræði og búreikninga en nú er gert.

Niðurstöður nefndarinnar.

Búnaðarfræðslunefndin leyfir sér, eftir þennan inngang um málið, að senda ráðuneytinu frumvarp til laga um bændaskóla og fylgja því sérstakar athugasemdir um þær breytingar, sem þar koma fram miðað við gildandi lög, nr. 24 1948. Meginþættir þeirra breytinga, sem nefndin leggur til að gerðar verði, eru þessir:

1. Að bændaskólar skuli vera tveir hér á landi, en ekki þrír. Ástæður fyrir þessari breytingu eru aðallega tvær: a) að aðsókn að bændaskólunum er ekki meiri en svo, að tveir skólar geta fullnægt henni og b) að mikið skortir á, að svo sé búið að þeim tveimur skólum, sem nú starfa, að viðunandi sé.
2. Fleiri kennara þarf við skólana. Við það verður námið betra og auðveldara að bæta við nýjum námsgreinum eftir kröfum tímans.
3. Ekki er brýn þörf á því, að hafa námið í báðum skólunum að öllu leyti hið sama, eins og nú er, heldur væri hugsanlegt að viðhafa verkaskiptingu milli þeirra, ef hentugt þætti.
4. Verklega námið er stytta, þar sem sveitapiltar eiga oft erfitt um vik að vera frá heimilum sínum á vorin og margir þeirra kunna allvel til búnaðarstarfa.
5. Meiri áherzla er lögð á kennslu í vélfræði og allan aðbúnað þar að lútandi en í gildandi lögum.
6. Meiri áherzla er lögð á margs konar námskeið við bændaskólana, annan eða báða.

Skýringar á einstökum greinum frumvarpsins.

1. gr.

Í núgildandi lögum um bændaskóla er gert ráð fyrir að hér á landi skuli vera þrír bændaskólar: á Hólum, Hvanneyri og í Skálholti. Stofnun Skálholtsskóla hefur ekki komið til framkvæmda. Telur nefndin ekki þörf á nema tveimur bændaskólum eins og sakir standa. Er því lagt til, að bændaskólar skuli vera tveir: á Hólum og Hvanneyri.

2. gr.

Engar breytingar koma fram í þessari grein.

3. gr.

Engar breytingar koma fram í þessari grein.

4. gr.

Í gildandi lögum er ákveðið, að við hvern bændaskóla skuli vera tveir fastir kennarar, auk skólastjóra. Í framkvæmd hefur þetta reynzt of lítið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1963 er gert ráð fyrir 3 kennurum á Hólum og 4 kennurum á Hvanneyri (bls. 140), þar af einn við framhaldsdeildina, auk skólastjóra og launa eins aukakennara. Í frumvarpi nefndarinnar er lagt til, að kennarar verði 5 við hvorn skóla. Er það fjölgun um 2 frá því, sem nú er á hvorum skóla. Er þar fyrst og fremst hafður í huga kennari í vélfræði og verkfærafræði, svo og í hagfræðilegum eignum.

5. gr.

Þarf ekki skýringar.

6. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að ekki sé nauðsynlegt að námið í báðum bændaskólunum sé með alveg sama sniði, en geti að einhverju leyti verið frábrugðið eftir aðstæðum á hvorum stað.

7. gr.

Þessi grein er að efni til eins og 6. grein í gildandi lögum. Þó er aldurstakmarkið fært niður um eitt ár.

8. gr.

Þessi grein er að efni til svipuð 5. grein í gildandi lögum. Bóklegt og verklegt nám er hér ekki aðskilið og það síðarnefnda stýtt verulega frá því, sem nú er í lögum.

9. gr. og 10. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða 7. gr. í gildandi lögum, en þó lögð meiri áherzla á kennslu í vélfræði og að kennsluverkstæði verði starfrækt í skólunum.

11. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 9. grein í gildandi lögum.

12. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 11. grein í gildandi lögum.

13. gr.

Í þessa grein er tekið efni úr 3. og 4. grein gildandi laga.

14. gr.

Greinin er samhljóða 10. grein gildandi laga.

15. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 13. grein gildandi laga, en nokkru ákveðnara orðalag um greiðslu á rekstrarhalla skólabúanna.

16.—19. gr.

Þurfa ekki skýringa.